

# Guðir, menn og apar.

## I.

How poor in judgment readers are! Words of profoundest insight, the most brilliant sentences, shine unperceived, when coming from a pen not praised to the Public.

Það eru ekki nærri allir, sem þó eitthvað fást við að hugsa, sem muna eftir því, að fyrir svo sem einni miljón ára, voru skynsömustu verurnar á jörðu hér apar. Menn voru hér þá ekki til, langlengst af þeim tíma, sem lífandi verur hafa verið til á jörðu hér, hefir hún verið mannlæns.

Það virðist óhætt að fullyrða, að aparnir hafi ekki gert ráð fyrir, að til væru apar á öðrum jörðum en þessari. Og enn fremur, að þeir hafi ekki gert ráð fyrir að til væru æðri verur. Aldrei kom öpunum í hug, að þeir mundu eiga fyrir niðja dýr, er mundu nefna sig menn, og á ýmsan hátt mundu mega teljast æðri verur í samanburði við apana forfóur sína.

Og þó er það vist, að einhversstaðar var hjá öpunum, vaxtarbroddurinn í áttina til mannkynsins.

## II.

Vér mennirnir erum mun vitkaðri en aparnir. Ervitt hefir það að vísu verið; það hefir spilt lífi eins og

annars ágæts manns að ryðja þá braut; en á endanum tókst oss þó að skilja, að vér eיגum apa fyrir forfeður. Vér skiljum nú glöggt, að mannkynið er vaxið upp af dýrarákinu alla leið, síðan fyrir þúsund miljónum ára — eða hvað það er — líf tendraðist fyrst á jörðu hér, — bióradiativt — fyrir lífgeislun frá öðrum hnöttum.

## III.

Lengi, afarlengi hafa mennirnir haft einhverjar hugmyndir um æðri verur. Svo gamlar eru slikar hugmyndir, að þær munu vera tengdar, ef til vill, sumum rótum tungumálanna. Utan um þessar hugmyndir um æðri verur, skapaðist það sem með hafa nefnt trúarbrögð, religionir. Menn greinir á um það, hvort trúarbrögðin hafi verið mannkyninu fremur til hnekkis, eða hagnaðar.

## IV.

Að koma hugmyndunum um æðri verur í samband við það, sem vér nefnum vísindi, hefir reynst afat-örðugt. Nú hafa menn að vísu um hríð boríð saman þessar hugmyndir af nokkurnvegin skynsamlegu viti. En hvað grundvallaða þekkingu á sjálfum hinum æðri verum snerti voru menn lengi jafnnaðar. Ýmsir héldu að slikar verur væru ekki til, væru ekki annað en hugarburður mannanna. Spekingurinn Schopenhauer, einn af djúpspökustu mönnum sem verið hafa uppi á síðari öldum, hélt að engin skynsamari vera væri til en mennirnir, og þotti að vonum, sem heldur óvænlega

mundi horfa í heimi hér. Annar spekingur ágætur, Leibnitz (dó 1716), sá það af hugviti sínu, að til mundu vera í náttúrunnar ríki einhverjar æðri verur en menn. Þen mjög óljósar hugmyndir gerði hann sér um slíkar verur.

## V.

Auðvelt hefir það ekki verið, en nú má þó sjá, með svipaðri aðferð þeirri sem höfð var til að skilja, að mannkynið er ávöxtur dýrarfíkisins, að það eru til æðri verur mönnunum, verur vaxnær upp af dýrarfíkinu einsog mennirnir, en hærra upp, mjög miklu hærra sumar. Og náttúrlega eru hinár æðri verur í þessum heimi, og náttúrlega eiga þær heima á einhverjum af þessum biljónum biljóna af hnöttum sem til eru, aðrir en þessi jörð. Aparnir, peir sem ekki hafa orðið að manni, sjá stjörnurnar nú, eins og forfeður þeirra fyrir miljón árum, en vita ekki að þar eru hnettir; og ekki heldur vita þeir nú fremur en fyrir miljón árum, að á sumum hnöttum öðrum, eru til æðri verur, sem vita til þeirra, og frænda þeirra, þessara sem kalla sig menn. Og eru því miður öpunum fremri, ekki nema að sumu leytí. Það hefir verið svo erfitt á jörðu hér, að sækja í horfið til vizkunnar og fegurðarinnar. Alkrafturinn sem niðurlægði sig til þess að upphefja, hefir hér átt svo ervitt uppdráttar. Hér er útjaðar vitheims.

En það nál mun eg rekja í annað sinn.

Það sem nú má glögt sjá — þó að ekki viti það aparnir — er að þessar hugmyndir um æðri verur, sem trúarbrögð og goðasögur hafa risið af, standa einmitt i sambandi við æðri verur á öðrum hnöttum. Menn fjarskynjuðu þessar verur, og missýndist að vísu margt, og hitt var þó ennþá meira, hvað menn ályktuðu skakkt. En rétt var þó það, að til væru æðri verur. Verur þessar bar helzt fyrir menn í draumum, en þó einnig í vöku. Peir sem skygnastir voru á hinár æðri verur, voru nefndir goðar og sjáldir. Það er að segja hjá þeirri manntegund, eða því afbrigði mannkynsins, sem hæzt gnæfði að viti; þar sem var vaxtarbroddurinn í áttina til guðanna, einsog vér nefnum þær sem beztar eru og máttugastar af hinum æðri verum. Úr sjáldi, sá sem sér, var síðan gert orðið skáld eða skáldi, sem menn vita hvæð þyðir. Goðinn eða sjáldinn, mælti stundum hendingum og einsog af æðri nokkru — af því er leitt óður og kvaði — og þegar svo bar að, kvaðst hann fari með goðorð, kveða það sem gnð hefði blásið sér í brjóst að mæla. Þyðing talsháttarins að fara með goðorð, varð síðan önnur. Einsog þyðing orðsins goðungur, sem rekja má til hinnar sömu áttar, en ekki skal frekar um rætt að sinni. Likt og »sjáldi« breyttist og varð skáld, þannig aflagðist dálitið orðið

7 godungur

~~goðungur, og varði því konungi  
ur. Mundi hverjum konungi bykja  
gaman að bessari tilgátu, sem eg hygg  
muni rétt reynast. Hér má minna  
á nafnið Konráð, sem upphaflega  
mun vera likrar merkingar og goð-  
ungur: sá sem ættaður er frá goð-  
unum. Konráð var áður Koðrán, en  
það orðið til úr Goðrán, Goðrænn.  
Eldri skýringar á orðum þessum eru  
osennilegri.~~

## VII.

Það er mun tiðindaríkara á jörðu-  
hér, síðan hún varð að mannheim-  
um, er mannkynið óx upp af dýra-  
ríkinu. Og býsna miklu svipmeira-  
en á jörðu hér mun lífið vera á þeim  
hnöttum, þar sem svo hátt er vaxið  
upp frá því, sem mannkynið er, að  
heita mega goðheimar. Og hversu-  
birtir yfir goðasögunum, þegar vér-  
sjáum til sanns, að goðafræðin er  
einn þáttur dýrafræðinnar, líkt og  
mannfræðin að sínu leyti. Í goða-  
sögunum fáum vér, ef nógu mikilli  
greind er beitt, afarmerkilegan fróð-  
leik um lífið, sem ekki mátti fá-  
með því að rannsaka dýraríki þess-  
arar jarðar. Og ekki sít i goða-  
sögum forfeðra vorra. Blessa meg-  
um vér minningu heirra, sem hafa  
varðveitit þær afarmerkilegu sögur  
frá glötunum. Það var eitt af mestu-  
andans afreksverkum, sem unnin  
hafa verið á þessari jörð, þegar  
Snorri Sturluson, gófugur maður og  
ágætur, skrifaði sögur þær, á dög-  
um þessa mikla óvinar. Innócentius-  
páfa þriðja.

### VIII.

Vér sjáum af goðasögunum að guðirnir kunna þá list slysalaust, er mennirnir hafa leitað svo ákaft eftir að læra, og stefnt hefir verið að svo viða í dýraríkinu, að líða í loftinu. Guðirnir eru komnir miklu lengra í að sigrast á erfiðleikum rúmsins, en mennirnir. Fjarskynjan hafa þeir á háu stigi. Þórr veit undir einsþegar hans þarf við, þó að ærið sé fjarran. Og »of alla heima« kunna þeir að sjá. Þeir vita fyrir óorðna hluti. Friðari eru þeir sýnum miklu en menskir menn. Hár þeirra er fegra en gull. Þar á orðið segurð við, því að það lýsir af þeim. Vopn hafa þeir merkileg. Vopn Þórs er að vísu nefnt hamar, en ýmislegt bendir til þess, að þar sé í raun og veru um nokkurskonar eldingu að ræða, lika þeirri sem Seifur hafði að vopni, Grikkjaguð. Mjöllnir heitir vopn Þórs, og mun það nafn vera dregið af því að vopninu fylgir ljós, mjallhvitt.

Baldur þykir mér merkilegastur af Ásum, og of lítið af honum sagt. Nafnið mun þýða hinn vöðvamikli, líkt og Bolli. Nanna var kona Baldurs. Sú sem ann, hygg eg það nafn' þyði, af að lenna. Það er á-  
stúðleg zett. Neppur het faðir hennar eða heitir. ~~Elli~~ veit eg, nema hann sé á lífi ennþá, og allir Æsir. Neppur þyðir: sá sem faðmar, Það er sama orðið og Knappa, eða Knoppur, og hefrekki verið eiginnað acma! Geðheimum. Neppstún hefir

ef til vill heitið bústaður Nepps,  
þó að ekki sé þess getið.

Baldur er svo miklu vitrari Ásum um öðrum, að þeim fór gagnvart honum likt og hinum óæðri verum, mönnunum, hefir vanalega farið gagnvart þeim sem meira vissu en aðrir. Æsir tóku stundum ekki mark á því sem Baldur sagði. Að því mun það lúta, er Snorri segir, að engi mátti haldast dómur hans. Og mun þar að vísu vera nokkur misskilningur, og allmjög örðum aukið.

Lífið stefnir að því að verða sterkrara en svo, að nokkuð geti grandað. Baldur var lengst kominn á þeirri leið, líföflugastur allra Ása. Hann er vitrastur Ása ok fegurst talaður ok líknsamastur segir Snorri. Sýnir það, hversu vel var stefnt með Ásum, að sá, sem ástuðlegastur var og friðsamastur, skyldi vera sterkastur. Á stöðum, þar sem illa er stefnt, magnast þeir fremur, sem grimmir eru og ófriðsamir. Og ef til vill var Múgspellsheimur slikur staður. Og væri þá rétt að rita þannig, en ekki Múspellsheimur. Æðri verur, sem þá ekki mætti nefna guði, mögnuðu sig á því að snúa lífsafli mágans, mannkynsins og annars hins óæðra dýralifs þar í heimi, sér í hag, ef til vill með kvöllum fyrir þennan mágua, sem varð að lifa öðrum, en ekki sér. Talsverður visir til slíks er það á jörðu hér, þegar einhverjir efti sig á þann hátt að fé og frama, að þúsundir deyja fyrir það illum danða. Slikt eru mágspell. En eina leiðin

til þess sigurs, er ekki snuist að lokum til ósigurs, er samstilling lífskraftanna, að hver leitist við að efla sig þannig, að það miði einnig til eflingar fyrir aðra.

## IX.

Hversu fróðlegt það væri, að geta litast um á hinum mikla frændhnetti jarðar vorrar, þar sem lífið gat vaxið svo miklu herra upp en hér, og Æsirnir eiga svo himinfagra bústaði. Þeir gátu það nokkuð, ~~Ljósaldarnir~~, frændur Swedenborgs, sem kveðið hafa Eddukviðurnar; og ekki mun Snorra Sturlusyni hafa verið þess með öllu varnað, að litast um í Háva höll, þar sem Gangleri sá svo marga hluti, er honum þóttu ótrúlegir.

Niflheimur er annar hnöttur en sá sem goðin bygðu; hann er fjær sól en heimur Ásanna; ytri hnnettirnir í sólkerfunum eru eldri. Eins og líka stendur í hinni helgu bók: »Fyrr var þat mörgum öldum, en jörð (það er Ásaheimur) var sköpuð, er Niflheimr var görr«.

En nær sól en heimur Ásanna, hygg eg sé Múspellsheimur. Sá heimur er í suðrhálfa segir Snorri. Suðrhálfa þýðir þar: áttin til sólarinnar. »Sú átt er logandi ok brennandi. Á þeim hnetti er Surtur. Þykir mér ekki óliklegt, að það nafn eigi skyld við suður. Vopn Surtss er sverð logandi, skin af því bjartara en af sólu. Surtur er til landvarnar í Múspellsheimi, líkt og Þórr, sem hefir hið bjarta vopn Mjöllni, er til landvarnar í Ásgarði.«

X.

Í Múspellsheimi, nær hinni miklu sól þess sólkerfis, höfðu hinarr æðstu verur þar, náð lengra að lífsaflí en Æsir. Ef til vill með slíkri aðferð, sem ekki liggur til eilífis, eins og áður er á vikið. En of ókunnugt er oss um þá megi Múspells. Surtr var svo magnaður, að hann gekk fram einsog í loga. Þannig skil eg orðin: »ok fyrir honum ok eptir bæði eldr brennandi«.

Merkileg er sagan um þennan dómsdag, sem gengur yfir Ásaheim, ragnarök. Má geta þess til, að aldrei mundu goðin svo fara, hefðu dómar Baldurs »mátt haldask«, meira verið lært af orðum hans, og hans ráðum fram farið.

Ef til vill er í sögunni um ragnarök, nokkurskonar spádómur um forlög mannkynsins á jörðu hér. Manntegund sú, eða mannaett, sem líkust var Ásunum, og bezt stefndi til sambands við Goðheima, er nú mun þróttminni en áður var, og aðrar mannaettir og manntegundir magnast fremur. En þá er ekki rétt stefnt á jörðu hér, þegar þeir mega meira, sem fjarskyldari eru Baldri, en meir í zett við Úlfinn og Orminn.

29. okt.

*Helgi Pjeturss.*

---

Saxar og Íslendingar.

Í grein minni um það efni síðastl. sunnud. hafði eg skrifað Wittener f. Wettiner.